

Dagsverk er metið á kr. 15.000.-

Lagt var á 1954 vetrarfóðraðar kindur kr. 850,- pr. kind, samkvæmt upplýsingum um vortölur frá eigendum sauðfjár og haustskýrslum hjá þeim sem ekki skiluðu vortölum.

Matur verður í I.og II. Leit í afrétti. Kostnaður er kr. 14.000 á hvern leitarmann, sem er reiknað inn í fjallskil.

Um er að ræða fullt fæði, sjá fjallskilaseðil.

Leitir og réttir haustið 2017 verða sem hér segir.

LEITIR:

- I. Leit skal gerð laugardaginn 9.september og sunnudaginn 10. september.
- II. Leit skal gerð laugardaginn 23 og sunnudaginn 24.september.
- III. Eftirleit verður um miðjan október, ef veður leyfir að mati umsjónarmanns.
- I. Múlaleit verður sunnudaginn 10. september.
- II. Múlaleit verður sunnudaginn 24.september
- III. Múlaleit eftirleit verður um miðjan október, ef veður leyfir að mati leitarstjóra.

RÉTTIR:

- I. rétt verður mánudaginn 11. september og hefst kl. 10 árdegis.
- II. rétt verður mánudaginn 25.september og hefst kl. 10 árdegis.
- III. rétt verður mánudaginn 2. október og hefst kl. 10 árdegis í framhaldi af smölu heimalanda.

LEITARSTJÓRN:

Leitarstjóri í fyrstu og annari leit í innfjalli Halldóra Jónasdóttir Rauðanesi.

Í Múlaleitum Guðmundur Sigurjónsson Valbjarnarvöllum (Sími 896-0987)

Leitarstjórar skulu gæta þess eins og kostur er að samræmi verði með leitum á samliggjandi leitarsvæðum.

RÉTTARSTJÓRN:

Í öllum réttum: Guðrún Fjeldsted Ölvaldsstöðum.

MARKLÝSINGARMENN:

Sigurjón Jóhannsson Valbjarnarvöllum

Sveinn Finnsson, Eskiholti I.

HEIMASMALANIR OG FL:

Heimalönd verði smöluð helgina 30. september og 1. október til þriðju réttar.

Vanraeki einhver slíka smölu er sveitarstjórn heimilt að láta smala landið á kostnað landeiganda.

Ekki verður greitt fyrir fjárlutninga innan sveitarfélagsins eftir skilaréttir.

Áríðandi er að leitarmenn séu vel útbúnir í hlýjum og vatnsheldum fatnaði í skærum litum.

Gjalddagi fjallskilagjalda er 20 október og eindagi 31 október.

Kaffisala verður í fyrstu rétt.

Valbjarnarvöllum 14 ,ágúst 2017.

Afréttarnefnd Borgarhrepps, Ystutungu og Norðurárdals vestan Norðurár, BSN.